



## **Lista- og menningarstefna Sveitarfélagsins Árborgar 2010 – 2013**

**Menning er hugarfar hvers samfélags sem birtist í tjáningu og starfsemi í margvíslegu formi.**  
**Menning nær því aðeins að þróast og vaxa að íbúum sé gert sem auðveldast að njóta, taka þátt í eða upplifa þessa tjáningu og starfsemi. Það sem við í daglegu tali köllum menningu er að einhverju leyti huglæg verðmæti sem íbúarnir njóta og mæla lífsgæði sín við.**

Það er því brýn nauðsyn hvers samfélags að leggja rækt við og styðja myndarlega alla þá einstaklinga, félög, samtök, stofnanir eða fyrirtæki sem starfa að menningu á einn eða annan hátt. Í menningarstarfi birtist hugur og sál samfélagsins, persónuleiki þess.

### **Framtíðarsýn og grunnur að lista- og menningarstefnu Sveitarfélagsins Árborgar**

Nefnd um móton lista- og menningarstefnu í Sveitarfélaginu Árborg hefur eftirfarandi framtíðarsýn í lista- og menningarmálum sveitarfélagsins og leggur til eftirfarandi tillögur sem grunnatriði í lista- og menningarstefnunni.

- Stefna þessi verði endurskoðuð fyrir lok árs 2013 með það í huga að sjá hvaða markmið hafi náðst á tímabilinu og ákvarða hvaða skref skuli taka næst til að efla lista- og menningarlíf og menningaraðstöðu í Sveitarfélaginu Árborg.
- Að íbúar hafi fullnægjandi aðstöðu fyrir menningarstarf. Sveitarfélagið Árborg stefni að því að setja fram framtíðarlausn (og framkvæmdaáætlun) um lista- og menningarhúsnaði á Selfossi sem gefur kost á fjölbreyttri menningarstarfsemi ásamt frekari nýtingu mannvirkja sem fyrir eru. Tekið verði mið af niðurstöðum og tillögum úr greiningarskýrslu frá sept. 2008 um úttekt á menningarhúsnaði í Sveitarfélaginu Árborg „Greining á húsnaðisþörfum menningarstarfsemi vegna tillagna um mögulegt lista- og menningarhús í Sveitarfélaginu Árborg“ sem gerð var af RHA.
- Stefnt verði að því að setja á stofn „stofu“, Árborgarstofu eða stofu Tryggva Gunnarssonar í Tryggvaskála. Stofan gegni því hlutverki að auka samræmi og samþættingu í menningar-, markaðs-, ferða-, kynningar- og umhverfismálum í Sveitarfélaginu Árborg og ná þannig fram aukinni tengingu og skilvirkni milli málaflokkanna. Þetta yrði fyrsta skrefið í átt að fjölnota menningarhúsi. Kjölfestan yrði Ölfusársetur og Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Árborg.
- Stefnt verði að því að almenningssamgöngur innan Sveitarfélagsins Árborgar verði efldar, t.d. að kvöldlagi, um helgar og á menningarhátíðum.
- Úthlutun styrkja til viðburða og menningarstarfsemi á vegum einstaklinga eða einkaaðila verði einu sinni á ári að undangengnu umsóknarferli til lista- og menningarnefndar. Fjárvíkjun verði þrenns konar:
  - a) til undirbúnings
  - b) til framkvæmda
  - c) vegna annars kostnaðar

Einnig verði styrkir í formi þátttöku sveitarfélagsins, t.d. varðandi niðurfellingu húsaleigu, aðkomu bærstarfsmanna, þátttöku stofnana, flöggun og fánaborgir o.fl.



- Stefnt verði að því, að „Listamaður Sveitarfélagsins Árborgar” verði útnefndur árlega úr einhverri listgrein og fái starfslaun sem nema allt að 6 mánaða launum, samkv. þeim reglum sem gilda almennt um starfslaun listamanna hjá sveitarfélögum.
- Að Sveitarfélagið Árborg stefni að því að koma upp og bjóða gestalistamönnum upp að aðstöðu til að dvelja í ákveðinn tíma til að vinna að listsköpun sinni og jafnframt að deila með og veita almenningi aðgang að list sinni.
- Að staða menningar-, ferða- og kynningarmála fái aukið vægi í starfi verkefnisstjóra íþrótt-, forvarna- og menningararmála.
- Að Sveitarfélagið Árborg hafi samstarf við sveitarfélög á Suðurlandi um stefnu í lista- og menningarmálum á svæðinu í heild, í samvinnu við menningarfulltrúa og menningarráð Suðurlands. Fylgst verði með þróun og nýjum tækifærum til eflingar lista- og menningarmálum í tengslum við Markaðsstofu Suðurlands og Vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja.

Í stefnunni, sem hér fer á eftir, er „menning” skilgreind í eftirfarandi þætti: sjónlist, tónlist, ritlist, leiklist, reglulegar hátíðir, samkomur og viðburði, söfn og sýningar, börn, ungmenni, eldri borgara, menningarminjar og náttúru.

## **Markmið Sveitarfélagsins Árborgar til eflingar á eftirfarandi menningarþáttum**

### **Sjónlist**

Hugtakið sjónlist nær yfir sköpun í þrívidd, málverk og aðra myndlist og handverk af ýmsum toga og er einhver sýnilegasti hluti listsköpunar í Sveitarfélaginu Árborg.

- Stefnt verði að því að kaupa eitt útilistaverk á hverju kjörtímabili og sjónlistaverk í samstarfi við Listasafn Árnesinga. Verkunum verði valinn opinber staður í eða við stofnanir á vegum Sveitarfélagsins Árborgar. Hugað verði að mögulegum staðsetningum fyrir útilistaverk framtíðarinnar í endurskoðun aðalskipulags.
- Listskreytingar verði sem oftast fastur liður í nýbyggingum á vegum Sveitarfélagsins Árborgar. Gerður verði þjónustusamningur við Listasafn Árnesinga varðandi umsjón og skráningu listaverka, ráðgjöf varðandi viðhald á útilistaverkum í eigu Sveitarfélagsins Árborgar og lán á verkum til stofnana Sveitarfélagsins Árborgar.

### **Tónlist**

Í Sveitarfélaginu Árborg er fjölbreytt tónlistarmenning og tónlistarsköpun á hér langa og merka sögu.

- Rekstur Tónlistarskóla Árnesinga verði tryggður áfram sem atvinnustofnun í tónlist og stutt við frumkvæði einkaaðila í tónlistarkennslu.
- Að menningarhúsnæði verði sérútbúið með tilliti til tónlistarflutnings.



- Að leitast verði við að fá starfandi tónlistarmenn eða nemendur í tónlistarnámi í Sveitarféluginu Árborg til að flytja tónlist þegar staðið er fyrir móttöku, öðrum opinberum viðburðum eða hátíðum í sveitarféluginu.
- Æfingarhúsnaði fyrir hljómsveitir verði fyrir hendi í samráði við félagsmiðstöð og ungmennahús.

## Ritlist

*Ritlistin á sér merka sögu í Sveitarféluginu Árborg. Margir þekktir rithöfundar koma af svæðinu og bókasöfn eru hér með þeim elstu á landinu.*

- Bókasafn Árborgar, Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka, er ein elsta og öflugasta menningarstofnun sveitarfélagsins. Standa skal vörð um bókasafnið sem alhliða fræðslu- og upplýsingamiðstöð ásamt því að það gegni menningarlegu hlutverki.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga skal varðveita heimildir og ljósmyndir um sögu Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Sandvíkurhrepps.
- Að örva og hvetja til meiri sýnileika á afrakstri þeirra sem iðka ritstörf, s.s. leikritun, sögur eða ljóð og einnig þeirra sem skila góðum árangri á því sviði í grunn- og framhaldsskóla, t.d. með upplestri eða birtingu.

## Leiklist

*Öflug leikfélög eru starfandi á Selfossi og í FSU. Húsnæði og aðstaða hefur helst staðið leiklistinni fyrir þrifum í Sveitarféluginu Árborg.*

- Stefnt verði að því að auka við húsnæði og aðstöðu til æfinga og flutnings leikverka, sbr. kafla 7.2 Leiklist í tillögum um menningarhúsnaði sem vísað er á í grunni að menningarstefnu.
- Stefnt verði að því að leiklistarnámskeið, kennsla í framsögn og leikrænni tjáningu verði markviss á öllum skólastigum í Sveitarféluginu Árborg.
- Leitað verði til leikfélaga og/eða leikhópa í sveitarféluginu eftir því sem kostur er með þátttöku í menningarhátíðum og óskað eftir samstarfi við stofnanir og fyrirtæki.
- Kannað verði hvort hægt sé að skapa grunn að því að atvinnuleikhópur geti þrifist í Sveitarféluginu Árborg.
- Stefnt verði að því að Sveitarfélagið Árborg fari með og fái hingað áhugaverðar dans- og leiksýningar svo og aðra menningarviðburði.
- Stefnt verði að því að að allar opinberar leiksýningar leikhópa í Sveitarféluginu Árborg verði teknar upp og varðveittar á Héraðsskjalasafni Árnesinga.



## Reglulegar hátíðir, samkomur og viðburðir

Hátíðir hafa verið haldnar reglulega í Sveitarfélaginu Árborg og efla þær sjálfsmýnd sveitarfélagsins og kynna hana út á við.

- Standa þarf vörð um hátíðir sem byggja á sérstöðu, sögu, menningu og arfleifð þeirra hreppa sem nú mynda Sveitarfélagið Árborg.
- Að hátíðin, Vor í Árborg, verði áfram fastur viðburður ár hvert í Sveitarfélaginu Árborg.
- Heildarskipulag menningar- og viðburðadagatals verði unnið af verkefnisstjóra menningarmála.
- Sveitarfélagið Árborg og Samtök verslunar og þjónustu í Sveitarfélaginu Árborg (SVOPÁ) hafi samráð og samstarf um ákveðna menningarviðburði.
- Horft verði sérstaklega til haust- og vetrarmánaða við skipulagningu hátíða / viðburða en á þeim árstíma er hvað mest sóknarfæri fyrir Sveitarfélagið Árborg vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið.
- Menningarlegum samskiptum við vinabæi verði viðhaldið.

## Söfn og sýningar

Sveitarfélagið Árborg er aðili að Byggðasafni Árnesinga, Listasafni Árnesinga, Héraðsskjalasafni Árnesinga, rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og Bókasafn Árborgar, Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka auk grunnskólasafna. Í Sveitarfélaginu Árborg eru einnig fjölbreytt og öflug einkasöfn.

- Standa skal vörð um og efla rekstur þeirra safna og setra sem sveitarfélagið er aðili að og stefna að því að efla safna- og sýningaraðstöðu á Selfossi, sbr. helstu niðurstöður og tillögur um menningarhúsnæði og hugmyndir að viðbótarhúsnæði í kafla 7.2. sem vísað er til í skýrslu RHA.
- Samstarf milli safna, setra og stofnana í Sveitarfélaginu Árborg, s.s. skóla og einkasafna, verði aukið sem frekast er kostur svo sveitarfélagið geti nýtt sér þjónustu safnanna í meiri mæli.
- Stefnt verði að því að komið verði á fót Ölfusársetri á Selfossi, mögulega í Tryggvaskála, þar sem sögu Ölfusár og umhverfis hennar verði gerð skil og hún varðveitt.
- Stefnt skal að því að Rjómabúið á Baugsstöðum verði hluti af Byggðasafni Árnesinga.
- Undirbúnungi að stofnun skólasöguseturs á Eyrarbakka verði haldið áfram.
- Stefnt verði að því að koma upp stofu Páls Ísólfssonar, tónskálds á Stokkseyri, sem jafnframt verði aðstaða fyrir listamenn sem vilja vinna að sköpun sinni, sbr. grunnur að menningarstefnu.



## Börn, ungmenni, eldri borgarar

Íslensk þjóðmenning hefur frá upphafi byggt á samskiptum eldri kynslóða við hinrar yngri. Þannig hefur þekkingu, reynslu, mannviti og menningu verið miðlað frá einni kynslóð til annarrar.

- Stuðla skal að markvissum samskiptum á milli eldri íbúa Sveitarfélagsins Árborgar og þeirra yngri í gegnum skólastarf eða félagsstarf og ýmis samvinnuverkefni.
- Starfsemi félagsmiðstöðva og ungmannahúsa þarf að endurskoða reglulega með það í huga að þau séu lifandi skópunarhús, staður fræðslu, skemmtunar og skapandi vinnu á forsendum þeirra sem þau sækja.
- Stefnt skal að því að Barnamenningarsjóði Sveitarfélagsins Árborgar verði viðhaldið áfram og hann nýttur til að styrkja menningarstarf ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Listasmiðja og götuleikhús verði starfrækt á sumrin eins og verið hefur.
- Ungmennaþing starfi áfram í samstarfi við ungmannaráð þar sem unguum íbúum er gefinn kostur á að ræða og álykta um hin ýmsu mál er varða þá og Sveitarfélagið Árborg. Ályktanir ungmennaþings fái afgreiðslu á sérstökum fundi bæjarstjórnar.
- Eldri borgurum verði sem oftast gefinn kostur á að ræða og álykta um hin ýmsu mál er varða þá sérstaklega og Sveitarfélagið Árborg. Ályktanir þeirra fái afgreiðslu á sérstökum fundi bæjarstjórnar.

## Menningarminjar og náttúra

Á því svæði sem nú heitir Sveitarfélagið Árborg á sér rætur mikil og mögnuð menningarsaga, allt frá upphafi landnáms á Íslandi, þ.e. saga landbúnaðar, verslunar, sjósóknar og samgangna. Þessa sögu ber að varðveita og auðvelda aðgang að henni hvort sem um er að ræða heimildir, örnefni eða einstaka staði í náttúrunni.

- Stefnt skal að því að skerpa ímynd sögubæjarins Eyrarbakka sem „gamlar bæjarins” í Sveitarfélaginu Árborg.
- Örnefnaskráningu og fornleifaskráningu verði haldið áfram eins og mögulegt er og afrakstur þeirrar skráningar gerður aðgengilegur.
- Stuðla skal að húsavernd í Sveitarfélaginu Árborg til verndar byggingarárfi og heildstæðri gótmeynd í sveitarfélaginu.
- Stefnt skal að því að koma fyrir upplýsingaskiltum með nöfnum húsa, sögu og arkítektúr við „gömul” hús á Eyrarbakka, Stokkseyri, Selfossi og í Sandvíkurhreppi.
- Stefna skal að varðveislu og kynningu á minjum og sögu, og varðveita minjar og sögu sem tengjast Ölfusá og umhverfi hennar.
- Stefna skal að skrásetningu frásagna eldri borgara og viðtöl kvíkmynduð eða tekin upp.



- Minnisvarði um Bjarna Herjólfsson, landkönnuð frá Eyrarbakka, verði settur upp við Drepstokk í framtíðinni.
- Stefnt skal að uppsettingu fleiri upplýsingaskilta á sem flestum minja- og sögustöðum og bæta aðgengi með göngustígum, reiðhjólastígum og reiðgötum til að auka þekkingu og skilning íbúa og gesta á umhverfi sínu.
- Suðurströndin undan Eyrarbakka og Stokkseyri, sem er hverfisvernduð, er útivistarparadís sem gæta þarf að halda hreinni og ómengaðri.
- Stefnt skal að og standa enn frekari vörð um og auka vinnu við uppbyggingu fuglafriðlandsins í Flóagafslmýrinni norðan Eyrarbakka, í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og önnur hlutaðeigandi samtök.